



Samþykkt fyrir ungmenningaráð Svalbarðsstrandarhrepps

Um verkefni ungmenningaráðs Svalbarðsstrandarhrepps

1. gr.

Ungmenningaráð er stofna á grundvelli æsklulýðslaga nr. 70/2007. Ungmenningaráð er ráðgefandi um málefni er tengjast ungu fólkii á aldrinum 10 til 18 ára í sveitarféluginu í umboði sveitarstjórnar.

Í 12. og 13.gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er skýrt kveðið á um rétt barna til að láta skoðanir sínar í ljós og til að hafa áhrif á málefni er þau varða. Hlutverk ungmenningaráðs er m.a. að vera sveitastjórnnum til ráðgjafar um málefni ungs fólks í samfélagini og efla samvinnu milli ólíkra hagsmunaaðila.

2. gr.

Markmið:

1. Veita ungmennum fræðslu og þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum
2. Skapa leiðir til að koma sjónarmiðum ungmenna til kjörinna fulltrúa
3. Að börn og ungmenni séu virk í samfélagsmálum og fái tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri

3. gr.

Hlutverk ungmenningaráðs

Ungmenningaráð er vettvangur ungmenna til að hafa áhrif á sitt nánasta umhverfi og koma skoðunum og tillögum ungs fólks til viðeigandi aðila í stjórnerfi sveitarfélagsins.

Dæmi um verkefni

1. Ungmenningaráð skal eins og kostur er hafa frumkvæði að umfjöllun mála
2. Ungmenningaráð getur komið með ábendingar um öll málefni sveitarfélagsins
3. Ungmenningaráð beitir sér fyrir bættir þjónustu við börn og ungt fólk

Ungmenningaráð tekur til umfjöllunar þau mál sem sveitarstjórn og nefndir sveitarfélagsins óska eftir hverju sinni og önnur þau mál sem ráðið telur nauðsynlegt að fjalla um í samræmi við hlutverk og markmið ráðsins. Ungmenningaráð hefur áheyrnarfulltrúa í nefndum og ráðum Svalbarðsstrandarhrepps, að félagsmálanefnd undanskilinni. Sveitarstjórn fylgist með því, eins og við á, að stofnanir og þjónusta sveitarfélagsins vinni með hagsmuni ungs fólks að leiðarljósi.

4. gr.

Val á fulltrúum í ungmannaráð

Tilnefningar og skipun í ungmannaráð er til tveggja ára. Sjö fulltrúar sitja í ungmannaráði. Ungmannaráð og kosning til ungmannaráðs er kynnt á skólaþingi í Valsárskóla í október ár hvert.

Tveimur vikum eftir skólaþing eru fulltrúar 10-16 ára kosnir til setu í ungmannaráði. Fulltrúar í ungmannaráði eru: tveir fulltrúar 10 -12 ára nemenda og þrír fulltrúar 13-16 ára nemenda kosnir af nemendum 10 ára - 16 ára í Valsárskóla. Til viðbótar starfa í ungmannaráði tveir einstaklingar 16-18 ára. Þeir eru tilnefndir af sveitarstjórn sem leitar eftir tilnefningum um setu í ráðinu. Við val á fulltrúum skal gæta þess að hafa sem jafnast kynjahlutfall. Oddatöluár er valdir 1 fulltrúi úr 10 -12 ára aldurshóp, einn fulltrúi úr 13-16 ára aldurshóp og einn fulltrúi úr aldurshópnum 16-18 ára.

Á fyrsta fundi ráðsins, hvert haust kýs ráðið formann og varafomann. Sveitarstjóri eða fulltrúi hans er ráðinu innar handar á fyrsta fundi ungmannaráðs, skipulagi og framkvæmd funda.

5. gr.

Ungmannaráð hefur yfir að ráða sérstakri fjárveitingu, sem samþykkt er af sveitarstjórn við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert. Fjárveitingunni má verja til þinghalds, útgáfu, fræðslu eða annars sem henta þykir. Ungmannaráð fær greitt fyrir 3 fundi á ári (tvo að hausti og einn að vori) og teljast hálfdrættingar í launum á við aðrar fastanefndir Svalbarðsstrandarhrepps. Það er að segja, ungmannaráðsfulltrúi fær half nefndarlaun.

6. gr.

Um fundarsköp á fundum ungmannaráðs gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og reglur um almenn fundarsköp og bera allir nefndarmenn jafnmikla ábyrgð og skipta þeir fundarstjórn á milli sín.

Sveitarstjóri í samráði við formann boðar til fundar með dagskrá. Í dagskrá skal visað til gagna um þau fundarefni sem til umfjöllunar eru eftir því sem kostur er. Dagskrá skal send til aðalmanna í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir fund. Um meðferð mála gilda samþykktir Svalbarðsstrandarhrepps.

7. gr.

Sveitarstjóri er tengiliður ungmannaráðs við stjórnkerfi Svalbarðsstrandarhrepps. Ungmannaráð kemur erindum sínum á framfæri við sveitarstjórn eða stjórnsýslu sveitarfélagsins með formlegum hætti, þ.e. með bréfi eða tölvupósti. Fundargerðir eru teknar til kynningar á fundum sveitarstjórnar.

Samþykktir skulu endurskoðaðar að hausti 2021.

Samþykktir ungmannaráðs samþykktar á 56. fundi sveitarstjórnar 19.10.2020.

